

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2008  
Tilvísun: UST20080800004/hj

### Hringvegur (1), breikkun í Hörgárdal, Hörgárbyggð.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmt skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í erindinu kemur fram að ætlunin er eð breikka veginn í 10 m og að nýja veglínan sé allsstaðar innan vegsvæðis núverandi vegar. Minniháttar hliðranir verða á planlegu en hæðarlega breytist ekki. Framkvæmdasvæðið liggur allt innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndarsvæðisins að Vöglum. Afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdarinnar er skipt í tvennt, svæði sem fara undir vegagerð og efnistöku og svæði þar sem áhrifin eru tengd öruggari samgöngum. Verkið verður framkvæmt í tveimur áföngum. Fyrst verður vegur og ræsi breikkuð og í seinni áfanga verður lagt bundið slitlag. Efnispörf er áætluð 91.900 m<sup>3</sup> og þar af koma um 23.950 m<sup>3</sup> úr skeringum, en verktaka verður gert að útvega það efni sem á vantar. Það efni skal uppfylla kröfur Vegagerðarinnar og koma úr námum með tilskilin leyfi.


Umhverfisstofnun bendir á villu í greinargerð Vegagerðarinnar í kafla 6, Aðgerðir á framkvæmdartíma, (bls. 17) þar sem talað er um mengunarreglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum. Hið rétta er að í V. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum er kveðið á um aðgerðir til að vernda neysluvatn. Stofnunin leggur áherslu á að gætt verði fyllstu varúðar bæði við notkun tækja og meðferð mengandi efna á framkvæmdasvæðinu og skilmálar þar um verði í útboðsgögnum eins og lagt er til. Umhverfisstofnun tekur undir það að með öruggari vegi minnkar hættan á óhöppum sem valdið geta mengun, en á móti kemur að aukin umferð eykur hættuna og það mun væntanlega hafa neikvæð áhrif á nýtingu þessa svæðis í framtíðinni fyrir neysluvatn.


Umhverfisstofnun telur orðalag varðandi efnistöku í greinargerðinni misvísandi. Í sambandi við áhrifasvæði er talað um „svæði sem fara undir vegagerð og efnistöku“ og í fyrsta punkti í kafla 6, Aðgerðir á framkvæmdartíma, segir m.a.: „Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess að raska hvergi landi utan við vegsvæði, námuvegi og námur, M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að og frá námum.“ Þessar lýsingar stangast á við það sem fram kemur framkvæmdarlýsingu um efnispörf, sbr. kafla 3.2.2. Þar kemur fram að aðeins er gert ráð fyrir að nýta það efni sem til fellur úr skeringum meðfram

veginum, en annað þurfi að sækja í námur með tilskilin leyfi. Í niðurstöðukafla segir m.a. að í útboðsgögnum verði tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er. Samkvæmt framkvæmdalýsingu er því ekki gert ráð fyrir annarri efnistöku á framkvæmdasvæðinu en því sem til kemur vegna skeringa.

Umhverfisstofnun telur að skýrt þurfi að koma fram í útboðsgögnum hverjar skyldur verktaka eru vegna vinnu og umferðar um vatnsverndarsvæði. Ennfremur telur stofnunin að í útboðsgögnum eigi að koma fram að allt efni umfram það sem fellur til í skeringum komi úr námum með tilskilin leyfi og vertaka sé skylt staðfesta skriflega að svo sé. Að teknu tilliti til þessara atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Helgi Jónsson  
ráðgjafi

  
Olafur A. Jónsson  
deildarstjóri